

AUGLÝSING

79

16. jan.

um

Samning milli Íslands og Belgíu til þess að forðast tvísköttun á tekjum siglingafyrirtækja landanna.

Stjórnir Íslands og Belgíu hafa þann 21. des. 1928 gert samning til þess að tryggja að íslensk siglingafélög, sem hafa aðsetur sitt á Íslandi, og eiga skip, er sigla til belgískra hafna með farþega, eða til þess að ferma eða afferma þar vörur, skulu í Belgíu vera undanþeginn skatti af hagnaði af rekstri þessara skipa, enda komi sama á móti af hálfu Íslands, að því er snertir tekjur af siglingum belgískra skipa, er koma hingað til lands.

Samningur þessi gekk í gildi þann 12. okt. 1930.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 16. janúar 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

AUGLÝSING

80

16. okt.

um

verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Rúmeníu, er gjörður var í Búkarest þann 8 maí 1931. Samningurinn birtist hér á eftir í íslenskri þýðingu.

Með því að Hans hátign konungi Íslands og Danmerkur og Hans hátign konungi Rúmeníu leikur hugur á að bæta og efla hin þjóðhagslegu viðskipti milli Íslands og Rúmeníu, hafa þeir ákvarðað að gera verzlunar- og siglingasamning milli landanna, og hafa útnefnt sem fulltrúa sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Herra Erik Andreas Mathias Biering sendiherra sinn í Búkarest,

Hans hátign konungur Rúmeníu:

Herra Demetre Ghika utanríkisráðherra,

sem, eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi greinar: